

Starfendarannsókn



Sagan

- Rannsóknir **á** kennurum
 - Rannsóknir **með** kennurum
 - Kennarar rannsaka **eigið** starf
-
- Ýmis módel og mismunandi túlkanir:

Appreciative inquiry


Hugsa um ein dag ella eina hending í tínum arbeiðslívi, har alt bara eydnaðist. - Hvat var øðrvísi, hvat gjørdi, at tað eydnaðist so væl?

- Er nakað, sum kundi gjørt dagin enn betur? - Tá tú hevur svarað hesum spurningum, hevur tú skrivað eina successøgu!

Starfendarannsókn – Jean McNiff

- Ákveðin rannsóknaraðferð til að endurskoða starf sitt með það fyrir augum að bæta það eða fá fullvissu fyrir að vel sé gert.
- Allir geta gert starfendarannsókn, með því að hugsa vandlega um eigið starf, með n.k. sjálfsskoðun (self-reflective), í félagi við aðra sem eru einnig að vinna starfendarannsókn.

McNiff lítur ekki á starfendarannsókn sem röklegt ferli heldur spíral þar sem vel er hægt að byrja á einum stað og enda á öðrum, mjög ófyrirséðum – enda skiptir ferlið meginmáli:



Starfendarannsókn

- Skoða núverandi starfshætti
- koma auga á hvað vert sé að bæta
- ímynda sér framvindu mála
- láta á hana reyna og safna gögnum
- breyta verklýsingu í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og halda áfram framkvæmdinni
- leggja mat á breytta framkvæmd o.s.frv. þar til fullnægjandi árangur liggur fyrir

(Jean McNiff 2002, lausleg þýðing mín)

Starfendarannsókn

- Mikilvægt er að byrja smátt og setja sér ákveðin tímamörk.
- Hafa markmiðið með rannsókninni skýrt:
 - Hvað á að skoða?
 - Hvers vegna?
 - Hvernig?
- Að gera sér grein fyrir að það er ekki sjálfgefið að rannsóknin gangi vel - þess vegna er mikilvægt að muna að það felst einnig starfendarannsókn í þeim aðgerðum sem mistakast!



Leiðir til sjálfskoðunar

- **Dagbók**
- Segulbandsupptökur
- Myndbandsupptökur
- Viðtöl við bandamann / -menn
- Spurningalistar til nemenda...

Hugsanlegir annmarkar

- Erfiðleikar við að skoða sjálfan sig gagnrýnum augum.
- Rannsóknin kann að hafa áhrif á rannsakandann sem og aðra þátttakendur.
- Bandamenn í starfendarannsókn geta hugsanlega orðið of nánir.
- Starfendarannsókn er unnt að nota til ills....
- Fleira?

Dæmi um starfendarannsóknir á Íslandi

- Hafþór Guðjónsson, KHÍ, doktorsverkefni 2002: Teacher learning and language: A pragmatic self-study.
- Jónína Vala Kristinsdóttir, KHÍ, M.Ed. verkefni 2003: Þróun kennara í starfi. Rannsókn kennara á eigin stærðfræðikennslu á yngsta stigi grunnskóla.
- Kennarar í Menntaskólanum við Sund: Þróunarverkefni sem hófst haustið 2005.
- Jóna Guðbjörg Torfadóttir, HÍ, MA verkefni 2006: Að fást við eða slást. Starfendarannsókn framhaldsskólakennara á samskiptum við nemendur.

Rannsóknarhópur í MS, dæmi:

(veturinn 2005-2006)

- Bæta viðbrögð við agavandamálum sem upp koma í bekkjum.
- Að skoða samskipti við nemendur í tímum.
- Að reyna að efla ábyrgð nemenda á námi sínu og ýta undir aukið heimanám.
- Þjálfarar nemendur markvisst í talfærni í dönsku – skoða viðhorfsbreytingar.
- Að reyna að finna góða aðferð til að efla rökræðu meðal nemenda í anda heimspekinnar.

Rannsóknarhópar í MS, dæmi:

(veturinn 2007-2008)

- Óhefðbundnar kennsluaðferðir.
- Gátlisti fyrir nemendur til að vekja þá til vitundar um eigið nám og námsferli.
- Áhersla á umræðuaðferðir af ýmsu tagi.
- Könnun meðal nemenda um hvað þeim finnst erfitt og hvernig megi leysa úr því.
- Samskipti kennara og nemenda: Ný nálgun á hegðunarvanda nemenda á nýju skólastigi.
- Fjölbreytni í kennsluaðferðum.

Að fást við eða slást

- Starfendarannsókn á samskiptum mínum við nemendur.
- Rannsóknina vann ég fyrsta vetur minn í kennslu 2005-2006, í þriðja bekk framhaldsskóla.
- Leiðbeinandi: Hafdís Ingvarsdóttir.

Góð samskipti

- Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi góðra samskipta milli kennara og nemenda í skólastofunni, bæði á nám og kennslu (t.d. Hafdís Ingvarsdóttir, 2004; Lortie, 1975; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2004; Watson og Ecken 2003).

Rannsóknarspurningar

- Hvernig bregst ég við óvæntum atvikum í bekkjarstarfi?
- Hvernig finnst mér ég þurfa að bregðast við óvæntum atvikum í bekkjarstarfi?
- Hvernig vil ég bregðast við óvæntum atvikum í bekkjarstarfi?

Gagnasöfnun

- Dagbókarfærslur.
- Spurningar lagðar fyrir nemendur.
- Upptökur í kennslustundum.
- Viðtal við bandamann, eftir að hann hafði fylgst með samskiptum mínum við nemendur eina kennslustund.

Yfirlit yfir gagnasöfnun

- Dagbókarfærslur 6. sept. 2005 – 17. maí 2006
- Spurningar lagðar fyrir nemendur 25. okt. 2005
- Upptaka í kennslustund 15. nóvember 2005
- Spurningar lagðar fyrir nemendur 12. janúar 2006
- Spurningar lagðar fyrir nemendur 2. febrúar 2006
- Upptaka í kennslustund 27. mars 2006
- Spurningar lagðar fyrir nemendur 6. apríl 2006

Yfirlit í gagnasöfnun í Eigindlegum rannsóknaraðferðum I, 2005.

- Þátttökuathugun í kennslustund 28. september.
- Viðtal við Ingólf 6. október.
- Viðtal við Atla 12. október.
- Viðtal við bandamann 18. október
- Þátttökuathugun á fundi fyrir nýja kennara 13. okt.
- Þátttökuathugun í kennslustund 3. nóvember.
- Viðtal við Gunnhildi 11. nóvember.

Dagbókarfærsla (janúar 2006)

Flestum stundum líður mér vel með rannsóknina en stundum miður. Hún gerir það að verkum að ég er afar meðvituð um allt sem ég segi og geri. Ég er í stöðugri sjálfsrannsókn og sjálfsgagnrýni og mér hættir trúlega til að fara offari. Rannsóknin hefur töluverð áhrif á mig og suma daga meira en aðra: Ég á það til að dragnast heim með stöku orð og svipmynd úr skólastofunni. Leggjast síðan til svefns með nemendum mínum [. . .] og drekka með þeim kaffi í morgunsárið. Ætli nemendur þvælist svona um með kennara í hugskotinu?

Dagbókarfærsla, frh.

Þessi 'sambúð' býður þó alls ekki heim neinni vanlíðan, öðru nær. Það er tilfinningin um að gera aldrei nógu vel sem vofir yfir. Hún er réttmæt þar sem ég þykist vita að ég get ævinlega gert betur, bætt mig á einhvern hátt. En ég mun aldrei gera nógu vel því ég er alltaf að læra, ég verð aldrei fullnuma. Þess vegna snýst mitt 'hugarstríð' um að sætta mig við að gera eins vel og ég get hverju sinni og læra af mistökum mínum. Eða, þegar á botninn er hvolf, að sætta mig við að vera manneskja. (janúar 2006)

Spurningar lagðar fyrir nemendur (jan. 2006)

- Hvað einkennir góð samskipti milli kennara og nemenda?
- Hvað einkennir vond samskipti milli kennara og nemenda?
- Afgerandi svar var **virðing / virðingarleysi.**

Spurningar lagðar fyrir nemendur (feb. 2006)

- Hvað merkir virðing? Taktu dæmi.
- Hvernig finnst þér virðing / virðingarleysi birtast þér í kenningu?
- Hvaða áhrif telur þú að virðing / virðingarleysi hafi á nám þitt og námsáhuga?

Svar nemandá

Virðing merkir það að koma vel fram við hvort annað og virða skoðanir hvors annars og taka tillit til hvors annars.

D[æmi]: Kennarinn á að taka tillit til þess að nemendur hafa mikið að gera og vera sveigjanlegur í dagsetningum og skilum á prófum og verkefnum. Þó svo að það þýði að við drögumst aðeins aftur úr í þessari margumtöluðu „kennsluáætlun”.

og dagbókarfærsla

- Það lætur nærri að mig langi til þess að eitthvað beri út af í samskiptum mínum við nemendur til að ég hafi ástæðu til að gera mér mat úr því. Ekki þar fyrir að óvænt atvik (critical incidents) þurfa ekki að vera mjög dramatísk. Og vissulega er það mér gleðiefni þegar vel gengur. En gengur mér vel? (febrúar 2006)

Spurning lögð fyrir nemendur (apríl 2006)

- Hvaða ráð gætir þú gefið mér til að bæta samskipti mín við þig / nemendur?

og svo dagbókarfærsla

- Síðasta kennslustund fyrir páskafrí og allt gekk prýðilega. Ég fór yfir prófið með nemendum og þau byrjuðu enn og aftur að óska eftir því að fyrsta prófið félli niður eða gildi minna. Ég svaraði því til að svona hefði þetta verið ákveðið af okkur kennurunum, eitthvað í þeim dúr, og trúlega hef ég leitast of oft við að skýra málin fyrir nemendum með þessum hætti. Nemendur, sumir hverjir, upplifa mig sem fremur ósjálfstæða og jafnvel óörugga, einkum í ákvarðanatökum ætla ég. (apríl, 2006)

Fáein svör nemenda

- Hafa meira samráð við nemendur. Ekki fylgja námsáætlun svona mikið. Þarf ekki alltaf að fylgja öllum reglum. Vera kannski svolítið ákveðnari.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir. Of mikil regludýrkun, ekki þarf að fara eftir námsáætlun algjörlega alltaf.
- Þú mættir reyna að einbeita þér meira að okkur í stað þess að fara yfir endalaus verkefni og vera stíf í að fara eftir kennsluáætlun. Það er hægt að gera námið mun skemmtilegra. T.d. hægt að horfa á video o.fl. Annars finnst mér þú góður kennari.

Niðurstaða rannsókna

- Bendir til þess að næmi kennara til þess að skynja þarfir nemenda og kunnátta til að leiða samtöl farsællega til lykta geti skipt sköpum við að byggja upp gagnkvæmt traust og virðingu í bekkjarstarfi – sem er forsenda þess að unnt sé að stuðla að góðum samskiptum milli kennara og nemenda.
- Slíkt innsæi byggir m.a. á reynslu og þar skilur á milli nýliða og reyndra kennara.
- Brýnt að nýliði fái formlegan stuðning, a.m.k. fyrsta ár sitt í kennslu.

Helsti styrkur rannsókna

- Rannsóknin geymir einstaka reynslu, mína eigin reynslu, sem er ekki á færi annarra að greina frá af sömu dýpt.
- Aðeins ég sjálf get greint frá hugsunum mínum, viðhorfum, tilfinningum og líðan með þeim hætti sem raun ber vitni.